

Tilbrigði

í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður

Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

Jóhannes Gisli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningu lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

Sigrún Steingrímsdóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvenmaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

Þórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Vixlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)	
7.1 Athugunarefnið	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

7.5	Fallglötun og fallflutningur	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
7.6	Lokaorð	72
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	73
	Summary	75
8.	Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson)	
8.1	Athugunarefnið	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
8.2	Leppsetningar og skyld dæmi	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
8.3	Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
8.4	Nýja þolmyndin	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
8.5	Lokaorð	116
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	117
	Summary	118
9.	Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
9.1	Athugunarefnið	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
9.2	Vera að í íþróttamáli	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
9.3	Útvíkkun framvinduhorfs	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
9.4	Um vera búinn að og hafa	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
9.5	Lokaorð	151
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	151
	Summary	152
10.	Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
10.1	Athugunarefni	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
10.2	Almennt yfirlit	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
10.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
10.4	Tengsl við búsetu	172
10.5	Lokaorð	173
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	174
	Summary	175
11.	Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
11.1	Athugunarefni	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
11.2	Almennt yfirlit	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
11.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
11.4	Tengsl við búsetu	197
11.5	Lokaorð	199
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	199
	Summary	200
12.	Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
12.1	Athugunarefni	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
12.2	Samræmi við nefnifallsandlag	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
	12.2.2.1 Aldur	211
	12.2.2.2 Menntun	213
	12.2.2.3 Kyn	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
12.3	Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
	12.3.2.1 Aldur	218
	12.3.2.2 Menntun	218
	12.3.2.3 Kyn	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
12.4	Samræmi við hlutaeignarfall	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
	12.4.2.1 Aldur	222
	12.4.2.2 Menntun	222
	12.4.2.3 Kyn	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

12.5 Samræmismörk	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
12.6 Lokaorð	228
Rit sem vísað er til í þessum kafla	229
Summary	230
13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
13.1 Athugunarefni	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
13.4 Ólafsfjarðareignarfallið	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
13.7 Lokaorð	271
Rit sem vísað er til í þessum kafla	271
Summary	272
14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
14.1 Athugunarefni	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
14.2 Almenn yfirlit	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
14.4 Tengsl við búsetu	292
14.5 Lokaorð	294
Rit sem vísað er til í þessum kafla	295
Summary	296
15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
15.1 Athugunarefni	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
15.2 Brottfall og innskot tengingar	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
15.4	Innskots-að og staða sagnar	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
15.5	S2, S3 og þolfall með nafnhætti	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
15.6	Lokaorð	327
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	328
	Summary	329
16. Ýmislegt	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
16.1	Athugunarefni	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
16.2	Útkomuumsagnir	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
16.3	Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
16.4	Ósögð aukafallsfrumlög	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
16.5	Staða agna	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
16.6	Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
16.7	Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
16.8	Lokaorð	362
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	363
	Summary	364

15. Orðaröð í aukasetningum

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson

15.1 Athugunarefnið

15.1.1 Gerðir aukasetninga og aukatengingar

Eins og kunnugt er skiptast aukasetningar í nokkra flokka eftir hlutverki sínu og stöðu. Hefðbundin skipting er á þessa leið (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:144 o.áfr.):

(15.1) Fallsetningar

a. Skýringarsetningar:

Hann segir [að hún vilji ekki koma].

Ráðherrann harmar [að meirihlutinn skuli vera fallinn].

b. Spurnarsetningar:

Kennarinn spurði [hverja hún vildi leika við].

Hann spurði [hvort hún hefði sungið falskt].

(15.2) Tilvísunarsetningar:

Ég veit bara um eina mynd [sem hann sá].

Það var hjólið [sem hann hafði langað mest í].

(15.3) Atvikssetningar:

Það gengur vel [ef Snorri hjálpar honum].

Þau geta fengið súkkulaði [þegar þau eru búin að borða].

Þótt skýringarsetningar séu yfirleitt tengdar með *að* (sbr. (15.1a)) má stundum fella tenginguna brott. Svipað fyrirbæri er þekkt í ýmsum öðrum málum, en þá getur það m.a. farið eftir sögninni í móðursetningunni (sögninni sem tekur skýringarsetninguna með sér) hvort þetta brottfall er eðlilegt eða ekki (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2007:409 o.áfr., 443 o.áfr.). Í íslensku virðist líka geta skipt máli hvort frumlagið í skýringarsetningunni er fornafn eða nafnorð. Með þetta í huga voru eftirfarandi setningar metnar í Könnun 3:

(15.4) a. L3.11 *Jósep heldur að Pálina verði ekki með.*

Hann **segir hún** vilji ekki koma.

b. L3.24 *Þetta er skemmtileg bók.*

Ég **held maður** geti alveg mælt með henni.

c. L3.20 *Það þýðir ekkert að kaupa Sturlungu handa Magnísi.*

Ég **held krakkar** lesi hana ekki.

d. L3.26 *Það ná þessu ekki allir.*

Ég **veit Siggí** nær þessu samt.

e. L3.13 *Það varð mikið uppþot í ríkisstjórninni.*

Ráðherrann **harmar meirihlutinn** skuli vera fallinn.

Hér er þá annars vegar hægt að bera saman hvort það skiptir máli hvert frumlagið er (dæmi *a*, *b*, *c*) og sömuleiðis hvort það hefur áhrif hvort sögnin er svokölluð álitssögn (*segja*, *halda*) eða staðreyndasögn (*vita*, *harma*, sbr. t.d. Höskuld Þráinsson 2005:459

o.áfr.). Eins og númer dæmanna sýna voru allar þessar setningar í þeim hluta Könnunar 3 sem var spilaður af diskum fyrir þátttakendur (táknid L vísar til þess), enda var talið nauðsynlegt að allir miðuðu við sams konar áherslu og tónfall í mati sínu.

Í ýmsum öðrum setningagerðum er svo hægt að bæta *að* við tenginguna. Þetta á m.a. við um tilvísunartenginguna *sem* og atvikstengingarnar *ef* og *þegar*. Nú er reyndar oft amast við þessu í skólum og þess vegna m.a. þótti áhugavert að kanna hvað málnotendum fyndist um eftirfarandi dæmi:

- (15.5) a. L3.19 *Óli keypti sér nýtt hjól í gær.*
Það var hjólið **sem að** hann hafði alltaf langað mest í.
b. T3011 *Bjarni þarf að ljúka þessu fyrir jól.*
Það gengur vel **ef að** Snorri hjálpar honum.
c. T3028 *Börnin verða að fá almennilegan hádegismat.*
Þau geta fengið súkkulaði **þegar að** þau eru búin að borða.

Í framhaldinu var síðan ætlunin að skoða hvort þetta innskots-*að* hefði einhver áhrif á orðarað í setningunni sem fylgir (sjá kafla 15.1.3).

15.1.2 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga

Eitt af því sem greinir íslensku frá norrænu meginlandsmálunum er það að í íslensku er eðlilegt að persónubeygða sögnin sé í öðru sæti (oft skammstafað S2) bæði í aukasetningum og aðalsetningum. Í norrænu meginlandsmálunum fer sögnin hins vegar yfirleitt á eftir setningaratviksorðum í flestum gerðum aukasetninga (sjá t.d. Höskuld Bráinsson 2007:40 o.áfr., 58 o.áfr. og rit sem þar er vísað til). Þetta má sýna með dönskum dæmum á borð við þessi (sjá t.d. Vikner 1995):

- (15.6) a. Jens ***ikke har/har ikke** læst bogen.
Jens ekki hefur/hefur ekki lesið bókina
b. Jeg tror [at Jens **ikke har/har ikke** læst bogen].
Ég held að Jens ekki hafi/hafi ekki lesið bókina
c. Jeg beklager [at Jens **ikke har/*har ikke** læst bogen].
Ég harma að Jens ekki hafi/hafi ekki lesið bókina
d. Hun spurte [hvorfor Jens **ikke havde/*havde ikke** læst bogen].
Hún spurði af hverju Jens ekki hefði/hefði ekki lesið bókina

Í aðalsetningum (sbr. (15.6a)) verður sögnin að fara á undan atviksorðum eins og neituninni og í skýringarsetningum á eftir álitssögnum eins og *þro* 'halda' getur hún gert það þótt hin sjálfgefna röð sé að sögnin fari á eftir atviksorðinu (svokölluð S3-röð, þ.e. 'sögn í þriðja sæti'). Í skýringarsetningum á eftir staðreyndasögnum eins og *beklage* 'harma, þykja leitt' og í annars konar aukasetningum, t.d. spurnarsetningum, gengur S2-röðin hins vegar yfirleitt ekki í dönsku heldur aðeins S3-röðin (sbr. (15.6c, d)). Í íslensku er S2 hins vegar hin sjálfgefna orðaröð í öllum aukasetningum, m.a. spurnaraukasetningum:

- (15.7) Hún spurði [af hverju Jens **hefði ekki** lesið bókina].

Nú má hins vegar finna dæmi um S3-röð í íslensku (sjá ítarlega umræðu hjá Ásgrími Angantýssyni 2001, 2007, 2011). Þetta hefur vakið mikla athygli meðal málfræðinga á alþjóðavettvangi. Spurningin snýst þá í fyrsta lagi um það í hvers konar tilvikum sé

hægt að hafa S3-röðina í íslensku. Í framhaldi af því þarf svo að gera grein fyrir því að hvaða leyti íslenska sé frábrugðin norrænu meginlandsmálunum (og færeysku) að þessu leyti (sjá t.d. umræðu hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1986, Höskuldi Þráinssyni 1986, 2010, 2015, Vikner 1995, 1997, Bobaljik og Höskuldi Þráinssyni 1998, Rohrbacher 1999, Bobaljik 2002, Bentzen 2007, Bentzen o.fl. 2007, Wiklund o.fl. 2007, Julien 2007, Heycock o.fl. 2010, Ásgrími Angantýssyni 2013, Höskuldi Þráinssyni o.fl. 2013, Koeneman og Zeijlstra 2014, Höskuldi Þráinssyni 2015 og ritum sem þessir höfundar vísa til). Hér verður ekki farið út í fræðilega sálma um þetta. Í Tilbrigðaverkefninu var hins vegar skoðað hvað málnotendum finnst um dæmi með S2- og S3-röð og hvað getur haft áhrif á gæði þeirra og ýmis atriði voru skoðuð til að rannsaka þetta. Í fyrsta lagi var kannað hvort munur væri á skýringarsetningum á eftir álitssögnum og staðreyndasögnum með tilliti til þessa:

- (15.8) a. T2109 *Við sáum Mýrina um helgina.*
Ég held að Anna **hafi ekki** lesið bókina.
- b. T2119 *Það er svakalega óhreint hérna.*
Ég held að Stebbi **ekki hafi** þvegið gólfíð.
- c. T3023 *Strákunum gekk illa á prófinu.*
Kennarinn segir að Haraldur **ekki hafi** lesið bókina.
- d. T2007 *Rithöfundurinn hafði skrifað margar bækur.*
Honum sárnaði að Kastljósið **fjallaði aldrei** um þær.
- e. T2017 *Þingmaðurinn hafði flutt margar tillögur.*
Honum leiddist að stjórnin **aldrei hlustaði** á þær.

Hér er móðursögnin álitssögn í þrem fyrstu dæmunum (*halda, segja*) en staðreyndasögn í tveim síðustu (*sárna, leiðast*). Í könnun Námsmatsstofnunar 2007 voru þátttakendur svo beðnir að meta eftirfarandi dæmi með álitssögn:

- (15.9) N0713 Kennarinn segir að sumir **ekki hafi** lesið kennslubókina.

Í öðru lagi voru þátttakendur beðnir að meta allmörg S3-dæmi í spurnarsetningum, tilvísunarsetningum og atvikssetningum. Fyrri athuganir bentu til þess að S3-röð í aukasetningum gæti verið eðlilegust ef frumlag aukasetningarinnar væri fornafn. Auk þess virtist áhersla eða tónfall geta haft áhrif (sjá Ásgrím Angantýsson 2001, 2007, 2011). Þess vegna voru mismunandi frumlög í þessum aukasetningum og sum dæmin voru leikin af disk (L-dæmin):

- (15.10) a. T2027 *Stína fór á þorablót í fyrra.*
Þar var alls konar matur sem henni **líkaði ekki**.
- b. T2037 *Emil fór í afmælisveislu.*
Þar var margt fólk sem hann **ekki þekkti**.
- c. T3075 *Óskar vildi bara leika við suma krakkana í bekknum.*
Kennarinn spurði hverja hann **ekki vildi** leika við.
- d. L3.5 *Hann sagði nú ýmislegt merkilegt.*
En það sem hann **ekki sagði** skipti meira máli.
- e. T3104 *Haraldur sá flestar myndirnar á kvikmyndahátíðinni.*
Ég veit bara um eina mynd sem hann **ekki sá**.
- f. L3.8 *Við verðum að hætta við fundinn.*
Það er ómögulegt þegar formaðurinn **ekki mætir**.

- g. T3111 *Haraldur er alltaf að stríða Mörtnu í vinnunni.*
Henni líður miklu betur þegar hann **ekki mætir**.
- h. L3.17 *Það var mikil samkeppni milli krakkanna.*
Vala tók bókina svo að Haraldur **ekki gat** lesið hana.
- i. T3107 *Kennarinn var rosalega ósamngjarn.*
Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir **ekki hefðu** lesið bókina.

Eins og sjá má var eitt S2-dæmi tekið með (*a*-dæmið) og það myndar nokkurn veginn lágmarkspar með öðru dæmi til samanburðar (*b*-dæminu).

Loks má nefna að þátttakendur í viðtölum voru líka látnir meta hliðstæð dæmi eða jafnvel þau sömu og spurðir út í þau:

- (15.11) a. V5.2b Kennarinn segir að Haraldur **ekki hafi** lesið bókina.
- b. V5.5b Hann spurði hvort hún **alltaf hefði** sungið falskt.
- c. V5.7b Kennarinn spurði hverja hann **ekki vildi** leika við.
- d. V8.1b Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir **ekki hefðu** lesið bókina.
- e. V8.4b Það er ómögulegt þegar formaðurinn **ekki mætir**.
- f. V8.6b Ég veit bara um eina mynd sem hann **ekki sá**.
- g. V8.8b Hann sagði nú ýmislegt merkilegt, en það sem hann **ekki sagði** skipti meira máli.

Með þessu móti var ætlunin að komast betur að því að hvaða marki S3-röð gæti gengið í íslenskum aukasetningum og hvaða þættir hefðu áhrif á mat þátttakenda á henni. Í næsta undirkafla er svo greint sérstaklega frá einum þætti sem talið hafði verið að kynni að skipta máli í þessu sambandi.

15.1.3 Innskots-að og staða sagnar

Í nýlegum samanburði málvísindamanna á orðaröð í aukasetningum í íslensku og norrænu meginlandsmálunum hafði verið stungið upp á því að það innskots-*að* í tengingum sem nefnt var hér frammar (sjá dæmin í (15.5) og umræðu um þau) hefði áhrif á gæði S3-raðarinnar í íslenskum aukasetningum (sjá t.d. Wiklund og félagar 2007). Nánar tiltekið hafði því verið haldið fram að S2-röðin væri skyldubundin ef þetta innskots-*að* væri með en annars ekki. Því var ákveðið að kanna þetta sérstaklega með eftirfarandi dæmum:

- (15.12) a. T2110 *Flugfreyjan reyndi að aðstoða farþegana.*
Hún spurði hvort þeir **hefðu alltaf** verið flughræddir.
- b. T2120 *Rakel reyndi að stríða strákunum.*
Hún spurði hvort þeir **alltaf hefðu** verið hræddir við mys.
- c. T2090 *Söngstjórimm hundskammaði kórmenninga.*
Hann spurði hvort **að þeir hefðu alltaf** sungið falskt.
- d. T2100 *Þingmaðurinn heimsótti kjósendur.*
Hann spurði hvort **að þeir alltaf hefðu** búið í kjördæminu.
- e. L3.3 *Kokkurinn var hissa á gestunum.*
Hann spurði hvort þeir **aldrei hefðu** borðað svið.
- f. T3061 *Söngkennarinn sendi Hönnu tóninn.*
Hann spurði hvort hún **alltaf hefði** sungið falskt.
- g. L3.28 *Vinnufélögumum fannst vond lykt af Stebba.*
Þeir spurðu hvort hann **aldrei færi** í það.

- h. L3.12 *Söngkennarinn vissi ekki að María er laglaus.*
Hann spurði hvort **að** hún **hefði alltaf** sungið falskt.
- i. L3.16 *Kokkurinn frétti að María væri grænmetisæta.*
Hann spurði hvort **að** hún **aldrei hefði** borðað kjöt.
- j. L3.23 *Hún hafði aldrei sungið mikið á söngæfingum.*
Það var í sturtunni sem **að** hún **alltaf hafði** sungið mest.

Eins og sjá má eru hér hliðstæður (þ.e. setningar með S2-röð og S3-röð) úr tveim könnunum, þar sem spurningin snerist um það hvort viðvera eða fjarvera þessa innskots-*að* geti haft áhrif á það hvort persónubeygða sögnin þarf að „færast framfyrir“ atviksorðið.

15.1.4 S2 og S3 í nafnháttarsamböndum

Íslenska hefur nokkra sérstöðu meðal Norðurlandamálananna að því leyti að innan sumra nafnháttarsambanda er eðlilegt að hafa sögnina á undan setningaratviksorði líkt og í öðrum aukasetningum. Þetta má sýna með samanburði íslensku og sænsku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2007:451 og rit sem þar er vísað til):

- (15.13) a. Þeir lofuðu [að **borða aldrei**/*aldrei **borða** graut].
- b. De lovade [att ***äta aldrig**/aldrig **äta** gröt].

Hér er svokallaður **stýrinafnháttur** á ferð (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:412 o.áfr.) og í íslenska dæminu virðast reglurnar um orðaröð ótvíræðar. Þetta er hins vegar undeildara þegar um er að ræða setningagerðina sem stundum er kölluð **þolfall með nafnhætti** (sbr. Höskuld Þráinsson 2005:425). Þess vegna var ákveðið að láta þátttakendur í Könnun 3 meta eftirfarandi dæmi:

- (15.14) a. T3008 *Bubbi sagði að Soffía gæti alveg sungið.*
Hann taldi hana **hafa stundum** sungið í sturtunni.
- b. T3109 *Kennarinn hefur litla trú á nemendumum.*
Hann hefur stundum talið þá **lesa aldrei** námsbækurnar.
- c. T3114 *Siggi hefur haft lítið álit á veðurfræðingum.*
Hann hefur stundum talið þá **ekki spá** nógu vel.

Eins og hér má sjá fer nafnháttarsögnin ýmist á undan eða eftir setningaratviksorðinu (*stundum, aldrei, ekki*) og markmiðið var að skoða hvor gerðin málnotendum félli betur í geð. Það kynni að gefa vísbendingar um formgerð setninga af þessu tagi.

En nú getum við snúið okkur að því að skoða tölfræðilegar niðurstöður um athugunarefnið.

15.2 Brottfall og innskot tengingar

15.2.1 Almenn t yfirlit

Lítum þá fyrst á mat þátttakenda á dæmum þar sem skýringartengingin *að* er felld brott (sjá (15.4)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. L3.11	Hann segir hún vilji ekki koma.	49,8	23,1	27,1	100	713
b. L3.24	Ég held maður geti alveg mælt með henni.	79,5	13,6	6,9	100	713
c. L3.20	Ég held krakkar lesi hana ekki.	34,5	28,2	37,4	100	714
d. L3.26	Ég veit Siggi nær þessu samt.	41,4	29,3	29,3	100	711
e. L3.13	Ráðherrann harmar meirihlutinn skuli vera fallinn.	14,3	21,8	63,9	100	712

Tafla 15.1: Mat á dæmum með brottfelldri aukatengingu.

Hér eru skýrastar línur í *b*- og *e*-dæminu: Það fyrra telja flestir (tæp 80%) eðlilegt mál en það síðara telja næstum tveir þriðju þátttakenda ótæka setningu þótt rúmur fimmtungur telji hana bara vafasama.¹

En það er greinilega ýmislegt sem getur haft áhrif á þessa dóma. Hrynjandi og áhersla virðist t.d. skipta máli, eins og samanburður á *b*- og *c*-dæmunum sýnir: *b*-dæmið, með áherslulausa og „fornafnslega“ frumlaginu *maður*, fær t.d. mun betri dóma *c*-dæmið, þar sem frumlagið er nafnorðið *krakkar*. Kannski hefur atkvæðafjöldi móðursagnarinnar líka áhrif, sbr. að *b*-dæmið fær líka mun betri dóma en *a*-dæmið. Það gæti líka verið ástæðan fyrir því að *d*-dæmið fær tiltölulega góða dóma þótt móðursögnin þar sé af öðrum merkingarflokki (staðreyndasögn en ekki álitssögn). Almennt má hins vegar segja að þessar niðurstöður sýni nauðsyn þess að kanna nánar hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á gæði setninga með brottfelldri tengingu og hvernig þeir spila saman.

Lítum þá næst á dæmin með innskots-*að* (sbr. (15.5)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. L3.19	Það var hjólið sem að hann hafði alltaf langað mest í.	65,7	19,2	15,1	100	714
b. T3011	Það gengur vel ef að Snorri hjálpar honum.	63,9	21,7	14,4	100	710
c. T3028	Þau geta fengið súkkulaði þegar að þau eru búin að borða.	80,7	10,7	8,6	100	710

Tafla 15.2: Mat á dæmum með innskots-*að* á eftir tengingu.

Ekki er mikið að segja um þessa dóma út af fyrir sig. Allar setningarnar fá tiltölulega góða dóma þótt þeir séu flestir sem telja síðustu setninguna eðlilegt mál. Fordæming á þessu fyrirbæri í skólum virðist því ekki hafa haft mikil áhrif á afstöðu þátttakenda. En auðvitað gætu þessi atriði verið eitthvað mismunandi eftir því hvaða þátttakendahópur á í hlut. Það verður skoðað í næsta kafla.

¹¹ Í þessu sambandi má benda á að orðið *maður* sýnir fornafuseinkenni í *b*-dæminu því að yfirleitt gengur best að sleppa *að* á undan frumlagi sem er fornafn. Lesendur geta t.d. borið *b*-dæmið saman við ??Ég held *strákur* geti alveg mælt með henni og Ég held *hann* geti alveg mælt með henni. Nafnorðið *strákur* fer greinilega miklu verr þarna, en aftur á móti er eðlilegt að hafa fornafnið *hann* í þessu dæmi, líkt og *maður*.

15.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

15.2.2.1 Aldur

Leitum fyrst að mun milli aldurshópa. Hann er sýndur í töflu 15.3:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. L3.11	Hann segir hún vilji ekki koma.	53,2	42,5	48,2	55,2	.007	.856
b. L3.24	Ég held maður geti alveg mælt með henni.	69,2	84,4	82,7	83,6	-.114	.002
c. L3.20	Ég held krakkar lesi hana ekki.	27,9	25,1	38,7	48,2	-.156	.000
d. L3.26	Ég veit Siggí nær þessu samt.	43,5	36,9	38,6	47,0	-.016	.665
e. L3.13	Ráðherrann harmar meirihlutinn skuli vera fallinn.	18,4	11,2	12,0	15,1	.027	.465

Tafla 15.3: *Jákvætt mat á dæmum með brottfelldri skýringartengingu, flokkað eftir aldri.*

Hér er hvergi sterk fylgni við aldur en þó er marktæk neikvæð fylgni þegar *b*- og *c*-dæmin eiga í hlut (jákvæðustu dómarnir hjá tveim eldri hópunum), hvernig sem ber að túlka það.

Í töflu 15.4 er sýnd sams konar flokkum dóma eftir aldri fyrir dæmi með innskots-*að*. Þar koma ekki heldur fram mjög skýrar línur eftir aldurshópum eins og sjá má:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. L3.19	Það var hjólið sem að hann hafði alltaf langað mest í.	60,2	64,2	72,0	67,5	-.045	.227
b. T3011	Það gengur vel ef að Snorri hjálpar honum.	70,0	68,9	57,7	57,6	.120	.001
c. T3028	Þau geta fengið súkkulaði þegar að þau eru búin að borða.	83,6	86,4	81,5	70,1	.119	.002

Tafla 15.4: *Jákvætt mat á dæmum með innskots-*að*, flokkað eftir aldri.*

Fyrir tvö seinni dæmin eru dómur þó heldur jákvæðari í yngri aldurshópunum og sú fylgni er tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið þótt veik sé. Þrátt fyrir það verður ekki sagt að það sé sérstakt unglíngamál að skjóta þessu *að* inn á eftir tengingum, enda er það vel þekkt úr eldra máli, t.d. úr kveðskap Jónasar Hallgrímssonar (sbr. *Heilsaðu einkum ef að fyrir ber ...* í kvæðinu „Ég bið að heilsa“) og Jakob Jóh. Smári hefur séð ástæðu til að vara við þessari notkun í setningafræðibók sinni snemma á síðustu öld, þótt hann útskýri ekki af hverju þetta sé varasöm málnotkun.² Ef leitað er að orðasambandinu *sem að* *ham/hin* á *timarit.is* má líka finna fjölda dæma í íslenskum blöðum og tímaritum allt frá 19. öld, þótt þar virðist reyndar verða hlutfallsleg fækkun á dæmum eftir miðja síðustu öld, líklega fyrir áhrif frá prófarkalesurum.

15.2.2.2 Menntun

Í töflu 15.5 kemur fram að hvaða marki jákvætt mat á dæmum með brottfelldu *að* tengist menntun. Hér er yngsta aldurshópnum sleppt úr samanburðinum til þess að draga úr áhrifum frá vixlverkun aldurs og menntunar (þeir yngstu hafa ekki átt kost á neinni menntun eftir grunnskóla):

² Um þetta segir hann (1920:206): „Varast skal að hafa tenginguna *að* á eftir *ef, þegar, hvort* og *sem*, þótt slíkt finnist í tali og riti, og skáld noti það „til uppfyllingar“.“

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. L3.11	Hann segir hún vilji ekki koma.	58,1	41,7	39,7	399	.111	.027
b. L3.24	Ég held maður geti alveg mælt með henni.	82,9	85,2	78,2	399	.030	.549
c. L3.20	Ég held krakkar lesi hana ekki.	42,9	31,0	32,1	399	.084	.093
d. L3.26	Ég veit Siggi nær þessu samt.	46,7	36,1	28,2	399	.141	.005
e. L3.13	Ráðherrann harmar meirihlutinn skuli vera fallinn.	13,3	10,6	1,3	399	.179	.000

Tafla 15.5: *Jákvætt mat á dæmum með brottfelldri skýringartengingu, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér eru hvergi sterk tengsl við menntun, en þegar setningar með staðreyndasögnum eiga í hlut (dæmi *d* og *e*) er fylgnin þó tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið: Því minni sem menntun þátttakenda er, því líklegri eru þeir til að telja þessi dæmi eðlilegt mál. Ekki liggur í augum uppi hvernig á að túlka það.

Tafla 15.6 gefur samsvarandi upplýsingar fyrir dæmi með innskots-að:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. L3.19	Það var hjólið sem að hann hafði alltaf langað mest í.	69,5	69,9	62,8	399	.053	.293
b. T3011	Það gengur vel ef að Snorri hjálpar honum.	59,6	63,6	53,8	306	.040	.429
c. T3028	Þau geta fengið súkkulaði þegar að þau eru búin að borða.	79,0	79,4	78,2	397	.006	.911

Tafla 15.6: *Jákvætt mat á dæmum með innskots-að, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér kemur ekki fram nein skýr fylgni og hún er í öllum tilvikum fjarri því að vera tölfræðilega marktæk. Menntamenn virðast sem sagt ekki fylgja betur en aðrir áður nefndum ráðleggingum Jakobs Smára um að forðast þetta innskots-að, a.m.k. ekki þegar þeir meta setningar sem eiga að endurspeglar talmál (þeir forðast þetta kannski betur en aðrir í riti).

15.2.2.3 Kyn

Í *töflu 15.7* má sjá hvort marktækur munur er á mati þátttakenda eftir kyni þeirra:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. L3.11	Hann segir hún vilji ekki koma.	51,0	48,8	713	.023	.532
b. L3.24	Ég held maður geti alveg mælt með henni.	79,9	79,3	713	.016	.666
c. L3.20	Ég held krakkar lesi hana ekki.	37,2	31,9	714	.053	.155
d. L3.26	Ég veit Siggi nær þessu samt.	42,1	41,0	711	.005	.898
e. L3.13	Ráðherrann harmar meirihlutinn skuli vera fallinn.	17,5	11,3	712	.092	.014

Tafla 15.7: *Jákvætt mat á setningum með brottfelldri skýringartengingu, flokkað eftir kyni.*

Eins og þessi tafla sýnir er munur á kynjunum yfirleitt sáralitill þótt karlarnir séu alls staðar heldur jákvæðari gagnvart þessum setningum. Munurinn nær því hvergi að vera

tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið (nær reyndar $p \leq 0,05$ markinu í síðasta dæminu). Tafla 15.8 sýnir samsvarandi niðurstöður fyrir að-innskot:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. L3.19	Það var hjólið sem að hann hafði alltaf langað mest í.	67,0	64,6	714	.034	.361
b. T3011	Það gengur vel ef að Snorri hjálpar honum.	60,8	66,9	710	-.073	.051
c. T3028	Þau geta fengið súkkulaði þegar að þau eru búin að borða.	81,1	80,3	710	.012	.748

Tafla 15.8: **Jákvætt** mat á setningum með innskots-að, flokkað eftir kyni.

Hér er ekki heldur skýr fylgni við kyn og dómarnir dálítið á vixl.

15.2.3 Tengsl við búsetu

Skoðum að lokum hvort þessar setningagerðir sýna einhver tengsl við búsetu þátttakenda. Tafla 15.9 sýnir niðurstöður fyrir að-brottfallið:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. L3.11	Hann segir hún vilji ekki koma.	57,6	30,8	52,8	47,0	46,7	42,6	44,9	64,5
b. L3.24	Ég held maður geti alveg mælt með henni.	73,7	69,2	83,2	81,3	78,5	79,6	79,5	83,9
c. L3.20	Ég held krakkar lesi hana ekki.	33,3	26,9	37,6	38,1	30,9	37,0	33,3	32,3
d. L3.26	Ég veit Siggi nær þessu samt.	38,4	28,0	43,2	46,6	42,2	37,0	41,0	40,3
e. L3.13	Ráðherrann harmar meirihlutinn skuli vera fallinn.	11,1	28,0	16,0	11,2	11,1	13,0	21,8	16,1

Tafla 15.9: **Jákvætt** mat á setningum með brottfældri skýringartengingu, flokkað eftir landshlutum.

Hér kemur ekki fram skýr mynd. Dæmin fá nokkuð misjafna dóma eftir landshlutum en erfitt er að sjá nokkurt mynstur út úr því. Þó má benda á að í öllum tilvikum nema því síðasta fá setningarnar einna dræmastar undirtektir á Reykjanesi. Síðasta dæmið fær aftur á móti besta dóma þar. Reyndar fá öll dæmin álika góða/slæma dóma þar nema *b*-dæmið, sem fær almennt bestar viðtökur. Munurinn á landshlutunum er yfirleitt ekki marktækur frá tölfræðilegu sjónarmiði nema í *a*-dæminu. Þar er *p*-gildið 0,001 samkvæmt kí-kvaðratprófi (kí-kvaðratgildið er þar 36,57 en vengildið fyrir 14 fræsisgráður er 29,14 miðað við $p = 0,01$). Sennilega munar þarna mest um tregðu Reyknesinga til að samþykkja þetta dæmi, hvernig sem á henni stendur.

Samsvarandi niðurstöður fyrir að-innskot eru svo sýndar í töflu 15.10:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. L3.19	Það var hjólið sem að hann hafði alltaf langað mest í.	66,7	50,0	69,6	63,4	66,9	57,4	62,8	75,8
b. T3011	Það gengur vel ef að Snorri hjálpar honum.	65,6	65,4	62,1	59,0	60,3	70,4	67,9	72,6
c. T3028	Þau geta fengið súkkulaði þegar að þau eru búin að borða.	76,3	73,1	84,8	80,6	83,0	73,6	79,5	85,5

Tafla 15.10: *Jákvætt mat á setningum með innskots-að, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er ekki reglubundinn munur á landshlutum, nema hvað Vestlendingar eru aðeins jákvæðari en aðrir í öllum tilvikum. En munur landshlutanna í heild er hvergi tölfræðilega marktækur samkvæmt kí-kvaðratprófinu.

15.2.4 Samantekt

Í þessum undirkafla var annars vegar litið á brottfellingu skýringartengingarinnar *að* og hins vegar á innskots-*að* á eftir ýmsum tengingum. Niðurstöðurnar má draga saman eins og hér er sýnt:

- Brottfall skýringartengingarinnar *að* fær nokkuð misjafna dóma og þar virðist eðli og „stærð“ frumlagsins geta haft áhrif og jafnvel sagnarinnar í móðursetningunni líka (tafla 15.1).
- Innskots-*að* á eftir tengingunum *sem*, *ef* og *þegar* fær almennt mun betri dóma (tafla 15.2).
- Ekki virðist skýr fylgni milli dóma um þessar setningagerðir og félagslegra þátta, svo sem aldurs þáttakenda (töflur 15.3 og 15.4), menntunar þeirra (töflur 15.5 og 15.6) eða kyns (töflur 15.7 og 15.8), þótt fylgni dóma um einstakar setningar við þessa þætti sé stöku sinnum marktæk.
- Ekki kemur fram nein skýr fylgni dómanna við búsetu þáttakenda.

15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga

15.3.1 Almennit yfirlit

Í *töflu 15.11* er gefið yfirlit yfir mat þáttakenda á röðinni S2 og S3 í skýringarsetningum á eftir álitssögnum annars vegar og staðreyndasögnum hins vegar (sjá dæmin í (15.8) og umræðu í kringum þau):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2109	Ég held að Anna hafi ekki lesið bókina.	97,3	1,9	0,8	100	751
b. T2119	Ég held að Stebbi ekki hafi þvegið gólfid.	20,8	3,6	75,6	100	751
c. T3023	Kennarinn segir að Haraldur ekki hafi lesið bókina.	21,3	11,0	67,7	100	710
d. T2007	Honum sárnaði að Kastljósið fjallaði aldrei um þær.	73,9	12,3	13,8	100	746
e. T2017	Honum leiddist að stjórnin aldrei hlustaði á þær.	11,2	7,2	81,6	100	748

Tafla 15.11: *Mat á dæmum með S2- og S3-röð í skýringarsetningum.*

Hér vekur kannski fyrst athygli að aðeins tæplega 74% skuli telja S2-röðina eðlilegt mál í *d*-dæminu. Ástæðan er væntanlega sú að mörgum finnst eðlilegast að hafa háttarsögnina *skulu* í skýringarsetningum á eftir staðreyndasögnum á borði við *sárna* og *leiðast* (þ.e. *Honum sárnaði að Kastljósið skyldi aldrei fjalla um þær*, sbr. umræðu hjá Höskuldri Þráinssyni 2005:461 o.áfr.). Að öðru leyti eru línur mjög skýrar: Langflestir samþykkja S2-röðina (persónubeygða sögnin næst á eftir frumlaginu og á undan setningaratviksorðinu, sbr. dæmi *a* og *d*) og ekki S3-röðina (persónubeygða sögnin á eftir setningaratviksorðinu og þar með í þriðja sæti, sbr. dæmi *b*, *c* og *e*). Með samanburð við önnur norræn mál í huga er kannski sérstaklega áhugavert að sjá að yfir 80% þátttakenda hafna S3-röðinni í skýringarsetningu á eftir staðreyndasögn (*e*-dæmið), en það væri hin eðlilega röð í norrænu meginlandsmálunum (sjá t.d. umræðu hjá Ásgrími Angantýssyni 2011 og ritum sem þar er vísað til, einkum í 3. kafla). Reyndar fær S3-röðin frekar betri viðtökur á eftir álitssögnunum *halda* og *segja* en á eftir staðreyndasögninni *leiðast* (dæmi *b* og *c* annars vegar og dæmi *e* hins vegar). Þar er þó ekki um algjör lágmarkspör að ræða þar sem atviksorðið er ekki hið sama (neitunin *ekki* í *b* og *c* en atviksorðið *aldrei* í *e*), auk þess sem einhverjir kunna að hafa saknað háttarsagnarinnar *skyldi* í *e*-dæminu, sbr. fyrri athugasemd um það.

Eins og fram kom í kafla 15.1.2 var S3-röðin skoðuð sérstaklega í spurnarsetningum, tilvísunarsetningum og atvikssetningum, en þar er hún nánast skyldubundin í norrænu meginlandsmálunum. Yfirlit yfir dóma um þess háttar setningar er sýnt í *töflu 15.12* (sjá dæmin í (15.10) hér framar):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2027	Þar var alls konar matur sem henni líkaði ekki .	87,5	7,5	5,1		751
b. T2037	Þar var margt fólk sem hann ekki þekkti .	36,2	29,0	34,8		748
c. T3075	Kennarinn spurði hverja hann ekki vildi leika við.	22,3	23,0	54,6		712
d. L3.5	En það sem hann ekki sagði skipti meira máli.	44,7	30,2	25,0		711
e. T3104	Ég veit bara um eina mynd sem hann ekki sá .	34,1	29,0	36,9		714
f. L3.8	Það er ómögulegt þegar formaðurinn ekki mætir .	28,6	34,7	36,7		709
g. T3111	Henni líður miklu betur þegar hann ekki mætir .	20,6	31,0	48,4		704
h. L3.17	Vala tók bókina svo að Haraldur ekki gat lesið hana.	8,0	10,7	81,3		713
i. T3107	Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir ekki hefðu lesið bókina.	26,3	16,2	57,5		708

Tafla 15.12: *Mat á dæmum með S2- og S3-röð í ýmsum gerðum aukasetninga.*

Hér er ýmislegt sem vekur athygli, ekki síst með samanburð við önnur norræn mál í huga (sjá t.d. Ásgrím Angantýsson 2011, einkum 3. kafla og rit sem þar er vísað til). Í fyrsta lagi sýnir setningaparið *a* og *b* að S2-röðin er tekin framyfir S3-röðina, jafnvel í

þeirri setningagerð þar sem S3-röð gengur annars best (tilvísunarsetningar með frumlagi sem er fornafn). Því er ekki þannig farið í öðrum norrænum málum. Í öðru lagi eru þeir yfirleitt alltaf fleiri sem telja S3-röðina ótæka en þeir sem telja hana eðlilegt mál. Helsta undantekningin er *d*-dæmið, en það var spilað af diskum með litilli áherslu á frumlagið *hamn* og aðaláherslu á atvikssorðið *ekki*. Samanburður á matinu á dæmum *f-i* sýnir samt að áhrif áherslu og tónfalls eru þó líklega eitthvað flóknari svo ástæða væri til að kanna það atriði nánar.

Eins og nefnt var í kafla 15.1.2 voru sumar af þeim setningum sem hér hefur verið sagt frá bornar undir þátttakendur í viðtölum á Selfossi og í Stykkishólmi (sjá (15.11)). Í heild var mat þátttakenda mjög svipað þá, en hér er þó þess að gæta að í öllum þeim tilvikum sem hér er sagt frá var verið að láta þátttakendur bera saman tvo eða fleiri kosti (einkum S2-röð og S3-röð). Þegar þeir voru spurðir nánar út í S3-dæmin sögðu þeir þetta (alls var rætt við 15 þátttakendur um þessi dæmi en þeir tjáðu sig ekki allir um hvert þeirra):

(15.15) V5.2b Kennarinn segir að Haraldur **ekki hafi** lesið bókina (sbr. *c*-dæmið í *töflu 15.11*):

- Nei, ekki með *ekki* þarna.
- Mér finnst bara asnalegt að orða þetta svona, *ekki hafi lesið ...*
- Stuðar mig, rennur ekki eins vel í gegn ... maður myndi ekki leiðrétta svona, en þetta er dálítið asnalegt.
- Finnst hún bjöguð ...
- Þetta finnst mér vitlaust. *Ekki á að vera annars staðar í setningunni. [Segir að það passi ekki heldur þótt lögð sé sérstök áhersla á *ekki*.]*
- Myndi ekki segja þetta svona.
- Kannski við viss tækifæri ... til dæmis ef kennarinn væri að tala við foreldrana, svona sem umvöndun.
- Þessi finnst mér alveg út úr kortinu.
- Ekki góð. Ég nota hana ekki.
- Ég myndi snúa þessu við.
- Ég myndi halda að þetta væri vitlaust — þetta er bara svona eins og krakki sé að segja frá eða eitthvað.
- Frekar að krakkar segi þetta, litlir krakkar.
- Vafasöm ... myndi ekki segja hana.

(15.16) V5.5b Hann spurði hvort hún **alltaf hefði** sungið falskt (sjá umfjöllun í 15.4.1 hér á eftir):

- Svolítið vafasamt, sko.
- Finnst *alltaf hefði* svolítið skrýtið.
- ... eitthvað svo formlegt eða eitthvað svoleiðis. [Segist kannski myndu skrifa eitthvað svona ef það „þyrfti að vera mjög formlegt“.]
- Finnst þetta kjánalegt, ekki góð ...
- Ekki útilokuð ... kannski hefðu einhverjir talað þetta svona.
- Þetta passar bara ekki.
- Finnst þetta bara vitlaust.
- Finnst hún ekki ... slæm, ég myndi ekki nota hana.
- Nei, mér finnst [hún] ekki vera í lagi.

- Ég tala ekki svona ... sko, *alltaf hefði ... hefði er á undan.*
- Kannski svona eins og maður skrifar ... svona vandaðra. [Spurður um þetta dæmi með áherslu á *alltaf*.]
- Myndi víxla þessu, ekki hafa *alltaf* þarna ... Finnst að krakkar raði orðum öðruvísi.
- Ja ... ég veit ekki hvað ég á að segja ... svona smá ruglingslegt, finnst mér.

(15.17) V5.7b Kennarinn spurði hverja hann **ekki vildi** leika við (sbr. *c*-dæmið í *töflu 15.12*):

- Myndi ekki nota það.
- Finnst [þetta] svona svolítið orðarugl ... *hann ekki vildi ... á eina vinkonu sem talar svolítið fornt og breytir svolítið orðaröðinni ...*
- Ekkert ómögulegt ... svo sem allt í lagi. [Spurður um dæmi með dálitilli áherslu á *ekki*.]
- Finnst hún ekki góð ... ekki ganga.
- Hugsa að ég gæti notað [hana] ...
- *ekki á vitlausum stað.*
- Betra ef *EKKI vildi leika við* í talmáli ... [hefur mikla áherslu á *ekki*]
- ... myndi alveg ganga svo sem. [Spurður um setninguna með mikilli áherslu á *ekki*.]
- Hægt að nota ... [Segist jafnvel taka þessa röð fram yfir samsvarandi setningu með S2-röð.]
- ... þetta hef ég heyrt ... með áherslu þá á *ekki* ... [hjá] eldra fólki ... amma mín talaði mikið svona ...
- ... svona ákveðnari [en S2-röðin] af því að *ekki* kemur strax ...
- Finnst þetta ekki eins gott ... [þ.e. ekki eins gott og S2-röðin]
- Myndi ekki segja [þetta] ... held ekki. Skárta ef mikil áhersla á *ekki*.

(15.18) V8.1b Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir **ekki hefðu** lesið bókina (sbr. *i*-dæmið í *töflu 15.12*):

- Nei, *ekki hefðu ... hefði ekki notað það.*
- *ekki hefðu ... held ég myndi ekki segja það ...*
- Það er hægt að segja þetta, en ég myndi ekki nota það.
- ekki útilokuð, er svona óþjálli ... virkar á mann eins og maður sé að læra íslenskuna aftur ... svona eins og útlendingur að læra hana og kunni ekki að raða orðunum rétt saman ...
- *ekki á vitlausum stað.*
- Finnst þetta vitlaust.
- Ekkert að þessu svo sem ... eldra fólk myndi nota þetta. Maður hefur alveg heyrt þetta.
- Ég myndi taka *b* — samt er *a* allt í lagi ... [hér var *a*-dæmið S2-setning og *b*-dæmið S3-setning]
- Nei, mér finnst öfugsnúið að segja *ekki hefðu*.
- Mér finnst eins og *ekki* sé á vitlausum stað.
- Ég myndi hafa *ekki* á eftir.
- Finnst þetta *ekki* á vitlausum stað.

(15.19) V8.4b Það er ómögulegt þegar formaðurinn **ekki mætir** (sbr. *f*-dæmið í *töflu 15.12*):

- ... eiginlega ekki hægt að gera þetta svona ... [þetta] *mætir ekki* ...
- ... kannski frekar eldra fólk.
- Meira svona eins og það sé svona reiðitónn ...
- ... er í vitlausri röð, en verið að ítreka þetta *ekki* ...
- [gæti notað þessa gerð] á milli kunningja [hina frekar á fundi]
- Það er svona ekki rétt, en gæti gengið í talmáli.
- Myndi alveg geta sagt [þetta], síður skrifa ...
- Ekkert að þessu [en myndi ekki nota það]
- Myndi frekar nota *b* í talmáli ... en það væri frekar *a* í ritmáli [*a* er hér S2-dæmi]
- ... alveg svona þokkaleg, sko.
- nota ekki [þessa gerð] ... ekki í þessu samhengi
- Finnst þær báðar finar, sko [er að bera saman S2 og S3] ... kannski einhvern veginn meiri áhersla að setja *ekki* fyrir framan
- [Þetta er] sjálfsagt alveg eins rétt [og S2-gerðin]
- Finnst hún útilokuð.

(15.20) V8.6b Ég veit bara um eina mynd sem hann **ekki sá** (sbr. *e*-dæmið í *töflu 15.12*):

- Eiginlega ekki hægt að gera þetta svona.
- Ekki eins og ég tala — annað fólk myndi kannski segja það. Kannski eðlilegt að skrifa svona í verkefnum í skólanum ... hljómar skrytið ...
- Myndi helst nota [þessa gerð] ef verið væri að leggja áherslu á að þetta væri bara ein mynd.
- Ekki eins gott og [V8.4b í (15.19)] — kemur kjánalegar út.
- ... svo sem í lagi, en ég myndi aldrei segja þetta. En ef þú værir bara með *b*-setninguna myndi ég kannski samþykkja hana [*a*-setningin er S2-dæmið]
- Gæti alveg gengið í talmáli.
- ... finnst ekkert athugavert við *b* í talmáli [en *a* er S2-gerðin og viðmælandinn segist bæði munu segja og skrifa þetta þannig]
- ... það er ekkert að *b* [en myndi nota *a*, sem er S2-gerðin]
- ... ég myndi nota *b* í þessu tilfelli [fremur en *a*-gerðina, sem er S2-gerðin]
- Mér finnst bara hægt að nota þær báðar [S2 og S3]
- Nota ekki *b* ... [segir að eldra fólk væri líklegra til þess]
- Já, héna er það *b* [þ.e. S3-gerðin]
- ... myndi frekar heyra *a*, en hitt er náttúrulega finna eða vandaðra eða eitthvað [þ.e. S3-gerðin í þessu tilviki]
- Þarna finnst mér *b* [S3-gerðin] alveg eins gott og *a*, en ég myndi frekar segja *a* [S2-gerðin]

(15.21) V8.8b Hann sagði nú ýmislegt merkilegt, en það sem hann **ekki sagði** skipti meira máli (sbr. *d*-dæmið í *töflu 15.12*):

- Gæti hugsað mér að skrifa *b* — ekki eins og ég tala [hér er *a*-dæmið S2, *b*-dæmið S3]

- Þetta myndi líka ganga [velur samt *a*-gerðina], svona blæbrigðamunur, á hvað maður er að leggja áherslu ... Það sem er öðruvísi finnst manni núna oft svona gamaldags.
- Jú, með áherslu er [þessi gerð] í lagi.
- Ekki alveg ómöguleg, en ég myndi ekki nota hana ... frekar talmál.
- Hljómar snúið ...
- ... er svona vafasamt.
- ... finnst hún svolítið asnaleg.
- [Hér er] meiri áhersla lögð á *ekki* ...
- Ef þetta er sagt svona, lögð áhersla á *ekki*, þá er þetta jafnvel fallegra.
- Ég gæti vel hafa sagt þetta.
- Einhvern veginn skýrara ... svona flottari setning ... *a* [þ.e. S2-gerðin] er svona venjulegri.
- Finnst *b* alveg ágæt, en ég myndi segja *a*.
- Já, þetta getur alveg gengið [með þungri áherslu á *ekki*].

Í heild verður ekki annað sagt en ágætt samræmi sé milli ummæla þátttakenda í viðtölunum og tölfraeðilegu niðurstöðunnar. Menn taka S2-dæmin nær alltaf fram yfir og þær S3-setningar sem fá jákvæðustu ummælin í viðtölunum eru þær sem fengu besta dóma í skriflegu könnuninni (sjá *d*- og *e*-dæmin í *töflu 15.12* og ummælin í (15.20) og (15.21)). Í öðrum tilvikum eru ummæli viðmælenda um S3-röðina yfirleitt neikvæð og oft telja þeir hana alveg ótæka, jafnvel þótt reynt sé að breyta áherslu eða tónfalli. Þó er greinilegt að þau atriði geta oft haft veruleg áhrif á matið á dæmunum. Það er líka í samræmi við niðurstöðuna úr samanburðinum á *d*- og *e*-dæmunum í *töflu 15.12*.

Þá er athyglisvert að viðmælendur kenna S3-röðina stundum við krakka (dæmin í skýringarsetningunni) en stundum við eldra fólk. Í ljósi þess er forvitnilegt að skoða hvort aldurshóparnir meta S3-dæmin á ólíkan hátt. Skoðum það næst.

15.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

15.3.2.1 Aldur

Lítum fyrst á mat ólíkra aldurshópa á S2- og S3-röðinni í skýringarsetningum á eftir álitssögnum og staðreyndasögnum. Það er sýnt í *töflu 15.13*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2109	Ég held að Anna hafi ekki lesið bókina.	93,9	98,0	99,5	98,1	-.104	.004
b. T2119	Ég held að Stebbi ekki hafi þvegið gólfíð.	27,0	21,7	19,5	13,4	.114	.002
c. T3023	Kennarinn segir að Haraldur ekki hafi lesið bókina.	26,5	21,3	20,8	15,2	.118	.002
d. T2007	Honum sárnaði að Kastljósið fjallaði aldrei um þær.	65,8	80,6	77,6	70,7	-.026	.477
e. T2017	Honum leiddist að stjórnin aldrei hlustaði á þær.	18,4	7,0	12,4	6,3	.138	.000

Tafla 15.13: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, flokkað eftir aldri.*

Hér kemur kannski á óvart að S3-dæmin (*b*, *c* og *e*) fá yfirleitt jákvæðari dóma hjá yngri kynslóðunum, einkum þeirri yngstu, og fylgnin við aldur er alls staðar tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið. Það er greinilega ástæða til að kanna þetta nánar, þ.e. skoða hvort hér er í raun og veru einhver breyting í uppsiglingu (sjá líka umræðu hjá Ásgrími Angantýssyni 2011:73 o.áfr.). Í því sambandi má benda á að *b*- og *c*-dæmin eru ekki úr sömu könnun en niðurstöður úr þeim eru þó nánast alveg samhljóða. Hér má svo líka skoða niðurstöður úr könnun Námsmatsstofnunar 2007, en þar var eitt S3-dæmi borið undir dóm þátttakenda (þ.e. nemenda í 10. bekk). Tölurnar eru birtar í *töflu 15.14*:

Númer	Setning	já	?	nei	N
N0713	Kennarinn segir að sumir ekki hafi lesið kennslubókina.	33,7	23,0	43,3	870

Tafla 15.14: Mat á dæmi með S3-röð í Námsmatsstofnumarkönnun 2007.

Þessar niðurstöður benda til þess að hér sé raunveruleg breyting í uppsiglingu: Um þriðjungur þátttakenda telur setninguna eðlilegt mál og það er jafnvel heldur hærra hlutfall en hjá sambærilegum aldurshóp (9. bekkjum) í Könnun 2 og 3 (*b*- og *c*-dæmin í *töflu 15.13*).

Síðan sjáum við, eins og áður, að *d*-dæmið fær mun síðri dóma en *a*-dæmið þótt í báðum tilvikum sé um S2-röð að ræða. Ástæðan er væntanlega sú að mörgum þátttakendum hafi þótt háttarsögnina *skulu* vanta þar (og þá líka í *e*-dæmið), sbr. umræðu á eftir *töflu 15.11* hér á undan. Tölurnar virðast þá benda til þess að yngsta kynslóðin sé ekkert síður viðkvæm fyrir þessu en þær eldri. Loks vekur kannski athygli að *a*-dæmið skuli ekki fá „fullt hús“ hjá yngstu kynslóðinni. Þótt það gæti í sjálfu sér bent til þess að þeir yngstu séu orðnir hallir undir S3-röðina er hugsanlegt að skýringin sé önnur. Eins og fram kom í kafla 15.1.2 var dæmið í heild eins og hér er sýnt:

(15.22) *Við sáum Mýrina um helgina.*

Ég held að Anna **hafi ekki** lesið bókina.

Hér er verið að vísa í kvikmynd sem var gerð eftir samnefndri bók Arnalds Indriðasonar, *Mýrin*, en hún hafði verið á dagskrá þegar könnunin var gerð. Það er þó auðvitað ekki víst að allir þátttakendur í yngsta hópnum hafi vitað um þessi tengsl og þá er eðlilegt að þeim hafi þótt samhengið sérkennilegt.

Í *töflu 15.15* er svo sýnd samsvarandi flokkum á niðurstöðum fyrir S3-röð í öðrum setningagerðum (tilvísunarsetningum, spurnarsetningum, atvikssetningum). Það er ekki alveg einfalt að túlka þessar niðurstöður og þær eru svolitíð mismunandi eftir því hvers konar aukasetningu er um að ræða. Þær eru einna skýrastar fyrir tilvísunarsetningar með S3-röð (dæmi *b*, *d*, *e*), en það eru þau dæmi sem fengu almennt jákvæðasta dóma (sjá *töflu 15.12*). Í þeim tilvikum eru það eldri aldurshóparnir sem eru jákvæðastir og fylgnin er marktæk við $p \leq 0,01$ markið (*b*, *d*) eða nálægt því (*e*). Svipaða fylgni má sjá í mati á tíðarsetningunum (dæmi *f* og *g*). Í spurnarsetningunni (*c*) og síðustu dæmunum tveim (*h*, *i*) er fylgnin hins vegar frekar á hinn veginn þótt hún sé ekki skýr. Í þessu ljósi kemur kannski ekki á óvart að þátttakendur í viðtölunum vildu stundum kenna S3-röðina við mál eldra fólks en stundum við mál krakka. — Loks vekur athygli að *a*-dæmið skuli ekki fá fullt hús hjá yngsta hópnum, en þar gæti ástæðan verið sú að talað er um að fólki hafi ekki *líkað* matur. Það er e.t.v. orðalag sem unglingar nota síður en fullorðnir.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2027	Þar var alls konar matur sem henni líkaði ekki .	75,0	90,6	89,7	96,2	-.212	.000
b. T2037	Þar var margt fólk sem hann ekki þekkti .	30,8	30,5	39,1	46,8	-.172	.000
c. T3075	Kennarinn spurði hverja hann ekki vildi leika við .	28,9	25,7	16,7	16,5	.075	.045
d. L3.5	En það sem hann ekki sagði skipti meira máli.	34,3	36,3	55,4	55,8	-.164	.000
e. T3104	Ég veit bara um eina mynd sem hann ekki sá .	32,0	29,4	35,1	40,7	-.093	.014
f. L3.8	Það er ómögulegt þegar formaðurinn ekki mætir .	22,9	21,9	35,3	36,2	-.108	.004
g. T3111	Henni líður miklu betur þegar hann ekki mætir .	20,5	13,7	22,8	25,9	-.072	.057
h. L3.17	Vala tók bókina svo að Haraldur ekki gat lesið hana.	10,0	8,4	6,5	6,7	.032	.399
i. T3107	Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir ekki hefðu lesið bókina.	34,0	22,0	27,5	20,1	.118	.002

Tafla 15.15: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, flokkað eftir aldri.*

Almenna niðurstaðan er þá sú að fylgni dóma við aldur sé nokkru flóknari en búast hefði mátt við. Í næsta undirkafla verður skoðað hvort fylgni við menntun er skýrari.

15.3.2.2 Menntun

Dómar um skýringarsetningar með S2- og S3-röð eru sýndir í *töflu 15.16*, flokkaðir eftir menntun. Fylgni við menntun er víðast sáralítill en þó marktæk í síðasta dæminu (p er þar 0,013). Fyrir S3-dæmin (*b*, *c*, *e*) er fylgnin jákvæð. Það merkir að þeir sem meiri menntun höfðu voru heldur ólíklegri til að telja þau eðlilegt mál:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2109	Ég held að Anna hafi ekki lesið bókina.	97,7	98,8	100	470	-.069	.136
b. T2119	Ég held að Stebbi ekki hafi þvegið gólfíð.	22,9	18,0	19,8	472	.038	.407
c. T3023	Kennarinn segir að Haraldur ekki hafi lesið bókina.	19,0	22,3	15,6	397	.039	.438
d. T2007	Honum sárnaði að Kastljósið fjallaði aldrei um þær.	76,2	76,2	79,1	465	-.022	.640
e. T2017	Honum leiddist að stjórnin aldrei hlustaði á þær.	13,7	8,5	5,5	468	.115	.013

Tafla 15.16: *Jákvætt mat á skýringarsetningum með S2- og S3-röð, flokkað eftir menntun. Yngsta áldurshóp sleppt.*

Tafla 15.17 sýnir síðan samsvarandi flokkun á mati annarra setningagerða með S2- og S3-röð:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2027	Þar var alls konar matur sem henni líkaði ekki .	94,7	89,9	92,2	469	.043	.351
b. T2037	Þar var margt fólk sem hann ekki þekkti .	45,7	35,9	35,6	467	.068	.141
c. T3075	Kennarinn spurði hverja hann ekki vildi leika við .	18,1	20,0	24,4	398	-.028	.578
d. L3.5	En það sem hann ekki sagði skipti meira máli.	41,9	47,9	49,4	397	-.064	.204
e. T3104	Ég veit bara um eina mynd sem hann ekki sá .	35,2	34,1	34,2	395	.010	.846
f. L3.8	Það er ómögulegt þegar formaðurinn ekki mætir .	26,0	31,0	28,9	396	.031	.545
g. T3111	Henni líður miklu betur þegar hann ekki mætir .	22,9	19,0	14,7	391	.087	.085
h. L3.17	Vala tók bókina svo að Haraldur ekki gat lesið hana.	7,6	7,9	3,8	399	.081	.105
i. T3107	Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir ekki hefðu lesið bókina.	17,1	24,8	24,7	396	-.027	.590

Tafla 15.17: *Jákvætt mat á ýmsum setningagerðum með S2- og S3-röð, flokkað eftir menntun.*

Hér er skemmt frá því að segja að ekkert greinilegt mynstur er sjáanlegt í þessum tölum og hvergi um tölfraðilega marktæka fylgni að ræða.

15.3.2.3 Kyn

Í töflu 15.18 er svo sýnt hvernig dómar skiptast eftir kyni þátttakenda um skýringarsetningu með S2- og S3-röð:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2109	Ég held að Anna hafi ekki lesið bókina.	97,0	97,7	751	-.021	.565
b. T2119	Ég held að Stebbi ekki hafi þvegið gólfið.	19,7	21,8	751	-.035	.341
c. T3023	Kennarinn segir að Haraldur ekki hafi lesið bókina.	22,7	19,9	710	.042	.264
d. T2007	Honum sárnaði að Kastljósið fjallaði aldrei um þær.	73,7	74,0	746	-.016	.659
e. T2017	Honum leiddist að stjórnin aldrei hlustaði á þær.	12,9	9,6	748	.025	.493

Tafla 15.18: *Jákvætt mat á skýringarsetningum með S2- og S3-röð, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér eru dómur kynjanna mjög svipaðir og engin marktæk fylgni. Hér er líka athyglisvert að sé S3-röðin heldur í sókn í þessum dæmum (sjá aldursflokkadur niðurstöður fyrir dæmi *b*, *c*, *e* í töflu 15.13) eru engin merki um það hér að konurnar leiði þá breytingu, eins og stundum er um málbreytingar.

Tafla 15.19 sýnir flokkun niðurstaðna fyrir aðrar setningagerðir með S2- og S3-röð:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2027	Þar var alls konar matur sem henni líkaði ekki .	88,5	86,5	751	.031	.402
b. T2037	Þar var margt fólk sem hann ekki þekkti .	38,5	34,0	748	.031	.400
c. T3075	Kennarinn spurði hverja hann ekki vildi leika við.	27,0	17,9	712	.134	.000
d. L3.5	En það sem hann ekki sagði skipti meira máli.	47,9	41,8	711	.053	.158
e. T3104	Ég veit bara um eina mynd sem hann ekki sá.	38,8	29,6	707	.088	.020
f. L3.8	Það er ómögulegt þegar formaðurinn ekki mætir .	30,7	26,7	709	.019	.617
g. T3111	Henni líður miklu betur þegar hann ekki mætir .	24,9	16,5	704	.090	.017
h. L3.17	Vala tók bókina svo að Haraldur ekki gat lesið hana.	10,0	6,1	713	.049	.192
i. T3107	Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir ekki hefðu lesið bókina.	25,7	26,9	708	.000	.991

Tafla 15.19: *Jákvætt mat á ýmsum setningagerðum með S2- og S3-röð, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er yfirleitt ekki mikill munur á dómum kynjanna. Þó eru karlarnir yfirleitt heldur jákvæðari og sá munur er marktækur við $p \leq 0,01$ markið í einu tilviki (*c*-dæmið) og næstum því í tveim tilvikum til viðbótar (*e* og *g*). Ekki er ljóst hvernig ber að túlka þetta.

15.3.3 Tengsl við búsetu

Lítum loks á matið á þessum dæmum í einstökum landshlutum og byrjum á S2- og S3-röð í skýringarsetningum. Yfirlit yfir mat á þeim er sýnt í töflu 15.20:

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2109	Ég held að Anna hafi ekki lesið bókina.	98,8	94,5	98,7	96,2	97,0	97,6	94,7	98,9
b. T2119	Ég held að Stebbi ekki hafi þvegið gólfid.	18,5	21,6	20,0	19,2	23,3	18,5	28,1	18,5
c. T3023	Kennarinn segir að Haraldur ekki hafi lesið bókina.	22,4	34,6	23,2	16,4	19,9	19,2	20,8	25,8
d. T2007	Honum sárnaði að Kastljósið fjallaði aldrei um þær.	74,4	68,1	76,6	84,6	70,9	76,5	71,9	67,4
e. T2017	Honum leiddist að stjórnin aldrei hlustaði á þær.	8,6	12,3	10,5	7,8	9,8	20,7	5,4	14,0

Tafla 15.20: *Jákvætt mat á skýringarsetningum með S2- og S3-röð, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er yfirleitt ekki stórvægilegur munur eftir landshlutum og hvergi tölfræðilega marktækur í heild, miðað við kí-kvaðratprófið. Þó vekur athygli hversu margir þátttakendur á Norðvesturlandi samþykkja e-dæmið.

Tafla 15.21 sýnir sams konar flokkun fyrir S2- og S3-röð í öðrum setningagerðum:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2027	Þar var alls konar matur sem henni líkaði ekki .	86,4	79,5	88,4	85,9	86,5	89,0	91,1	86,4
b. T2037	Þar var margt fólk sem hann ekki þekkti .	27,2	28,4	31,4	38,5	43,6	37,0	33,9	46,7
c. T3075	Kennarinn spurði hverja hann ekki vildi leika við.	27,3	24,0	24,2	19,4	21,3	18,5	17,9	27,4
d. L3.5	En það sem hann ekki sagði skipti meira máli.	43,9	23,1	48,8	38,3	50,4	48,1	39,7	51,6
e. T3104	Ég veit bara um eina mynd sem hann ekki sá .	28,3	46,2	41,6	32,3	35,6	30,2	23,4	40,3
f. L3.8	Það er ómögulegt þegar formaðurinn ekki mætir .	36,7	30,8	29,8	23,3	31,1	25,9	23,1	27,9
g. T3111	Henni líður miklu betur þegar hann ekki mætir .	18,4	30,8	27,4	13,6	19,7	20,8	20,8	22,6
h. L3.17	Vala tók bókina svo að Haraldur ekki gat lesið hana.	9,1	26,9	9,6	8,2	5,2	1,9	9,0	4,8
i. T3107	Hann lagði prófið fyrir þótt nemendurnir ekki hefðu lesið bókina.	24,2	38,5	30,4	19,7	23,3	24,5	32,1	30,6

Tafla 15.21: *Jákvætt mat á ýmsum setningagerðum með S2- og S3-röð, flokkað eftir landshlutum.*

Þótt dómar séu líka misjafnir hér eftir landshlutum eru þeir þó hvergi tölfræðilega marktækir í heild, miðað við $p \leq 0,01$ markið og kí-kvaðratprófið, og erfitt að sjá skýra mynd í þessu. Þó má benda á að S3-röðin í tilvísunarsetningum og spurnarsetningunni (dæmi *b, c, d, e*) fá yfirleitt tiltölulega góða dóma á Vesturlandi en dæmin með S3-röð í atvikssetningum (dæmi *f, g, h, i*) fá betri dóma á Reykjanesi. Það er óvíst hvað liggur þarna að baki.

15.3.4 Samantekt

Hér hefur verið gefið yfirlit yfir dóma þátttakenda um svokallaða S2-röð og S3-röð í aukasetningum. Um niðurstöðurnar er þetta helst að segja:

- S2-röðin er meginreglan í íslenskum aukasetningum og S3-röðin undantekning. Þetta á einkum við um skýringarsetningar (*tafla 15.11*) en líka að mestu leyti um aðrar gerðir aukasetninga.
- S3-röðin gengur einna best í tilvísunarsetningum þar sem frumlagið er fornafn og atviksorðið sem fer á undan sögninni er neitunin *ekki*, gjarna með áherslu (*tafla 15.12*).
- Þessi niðurstaða fær staðfestingu af ummælum þátttakenda í viðtölum (sjá ummælin (15.15)–(15.21)).
- S3-röðin í skýringarsetningum fær marktækt betri dóma hjá yngri kynslóðinni (*tafla 15.13*).
- Þegar lítið er á aðrar setningagerðir er það frekar eldri kynslóðin sem telur S3-röðina eðlilegt mál (*tafla 15.15*).
- Ekki kemur fram skýr fylgni dóma við aðrar félagslegar breytur né heldur við búsetu þátttakenda. Þó má segja að karlar séu heldur hrifnari en konur af S3-röðinni í öðrum setningagerðum en skýringarsetningum (*tafla 15.19*).

15.4 Innskots-*að* og staða sagnar

15.4.1 Almennt yfirlit

Í síðustu undirköflum höfum við fengið staðfestingu á því að S2-röðin er hin sjálfgefna röð í öllum gerðum aukasetninga í íslensku, eins og jafnan hefur verið talið, en ýmis atriði geta haft áhrif á mat málnotenda á hinni „afbrigðilegu“ S3-röð. Við höfum þó ekki enn skoðað hvort einhver tengsl kunnir að vera á milli þessa svokallaða innskots-*að* sem var til skoðunar í kafla 15.2 (eða *að*-innskots á eftir tilteknum tengingum) og stöðu sagnarinnar. Nú verður lítið á það atriði þar sem kenningar hafa verið uppi um tengsl þarna á milli (sjá umræðu í kafla 15.1.3 hér framar). Í *töflu 15.22* er gefið yfirlit yfir mat þátttakenda á þeim setningum sem notaðar voru til að kanna þetta (sjá (15.12)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2110	Hún spurði hvort þeir hefðu alltaf verið flughræddir.	88,8	7,2	4,0	100	749
b. T2120	Hún spurði hvort þeir alltaf hefðu verið hræddir við mýs.	12,2	5,9	81,9	100	750
c. T2090	Hann spurði hvort að þeir hefðu alltaf sungið falskt.	74,3	15,7	10,0	100	752
d. T2100	Hann spurði hvort að þeir alltaf hefðu búið í kjördæminu.	17,8	9,7	72,5	100	749
e. L3.3	Hann spurði hvort þeir aldrei hefðu borðað svið.	10,0	18,2	71,8	100	709
f. T3061	Hann spurði hvort hún alltaf hefði sungið falskt.	18,3	13,5	68,2	100	710
g. L3.28	Þeir spurðu hvort hann aldrei færi í bað.	11,5	20,8	67,7	100	712
h. L3.12	Hann spurði hvort að hún hefði alltaf sungið falskt.	76,6	13,6	9,8	100	712
i. L3.16	Hann spurði hvort að hún aldrei hefði borðað kjöt.	10,1	18,7	71,2	100	712
j. L3.23	Það var í sturtunni sem að hún alltaf hafði sungið mest.	18,1	33,1	48,8	100	713

Tafla 15.22: **Mat á dæmum með S2- og S3-röð, með og án innskots-að.**

Ekki verður séð að þessar niðurstöður feli í sér neinn stuðning við þá staðhæfingu Wiklund og félaga (2007) að S3-röðin sé frekar útilokuð en ella þegar innskots-að er fyrir hendi (eða S2-röðin sé þá frekar skyldubundin). Eins og fram kom í kafla 15.2 fengu dæmi með innskots-að yfirleitt ekki „fullt hús“ í mati þátttakenda (sjá t.d. töflu 15.2). Miðað við það væri við því að búast að S2-dæmi án að fengju að öðru jöfnu betri dóma en S2-dæmi með að. Mat á dæmum *a* og *c* er í fullu samræmi við þetta: *a*-dæmið fær betri dóma en *c*-dæmið. Með þetta í huga er athyglisvert að bera saman matið á *b*-dæminu og *d*-dæminu: Þar er S3-röð í báðum tilvikum og ef staðhæfing Wiklund og félaga hefði verið rétt mætti búast við því að *d*-dæmið fengi ennþá verri dóma en *b*-dæmið því í *d*-dæminu er bæði S3-röð og innskots-að og það ætti að vera algjörlega útilokað samkvæmt tilgátu þeirra. Samt eru þeir heldur fleiri sem samþykkja S3-röðina í *d*-dæminu en *b*-dæminu (tæp 18% á móti rúmum 12%) og þá að sama skapi lægra hlutfall sem hafnar henni algjörlega í *d*-dæminu en í *b*-dæminu (72,5% á móti 81,9%).

Þau dæmi sem nú voru nefnd eru öll úr Könnun 2. Hin dæmin í töflu 15.22 eru úr Könnun 3 og þar eru niðurstöður svipaðar. Dæmi *e*, *f* og *g* eru öll án innskots-að og í þeim fær S3-röðin áþekka dóma: Um 70% þátttakenda telja hana ótæka. S3-röðin í *i*-dæminu fær alveg hliðstæða dóma þótt þar sé líka S3-röð og innskots-að en *h*-dæmið fær hins vegar svipaða dóma og önnur dæmi með „venjulegri orðaröð“ og innskots-að, jákvæða en ekki fullt hús.³ Loks er *j*-dæmið tilvísunarsetning með frumlagi sem er

³ Hér má líka vekja athygli á því að *f*-dæmið fær svipaða dóma og hin. Eins og númer dæmanna úr Tilbrigðakönnun 3 benda til (stafurinn L fremst í númerinu) voru þau öll spiluð af diskum fyrir

fornafn. Eins og fram kom í kafla 15.3.1 er það sú setningagerð sem fær einna besta dóma með S3-röð. Miðað við það má telja eðlilegt að lægra hlutfall þátttakenda hafni hér S3-röðinni en í öðrum tilvikum í *töflu 15.22* (tæp 49%), en það er aftur á móti alls ekki það sem hefði mátt búast við samkvæmt hugmyndum Wiklund og félagar þar sem hér er bæði innskots-*að* og S3-röð (þ.e. engin „sagnfærsla“ skv. hugmyndum þeirra).

15.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

15.4.2.1 Aldur

Tafla 15.23 sýnir dóma þátttakenda um dæmin sem hér um ræðir, flokkaða eftir aldri:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2110	Hún spurði hvort þeir hefðu alltaf verið flughræddir.	82,1	90,6	93,8	88,5	-.088	.016
b. T2120	Hún spurði hvort þeir alltaf hefðu verið hræddir við mýs.	18,4	11,4	9,7	8,9	.091	.013
c. T2090	Hann spurði hvort að þeir hefðu alltaf sungið falskt.	75,5	82,3	79,5	56,3	.129	.000
d. T2100	Hann spurði hvort að þeir alltaf hefðu búið í kjördæminu.	23,0	15,8	18,0	13,5	.031	.294
e. L3.3	Hann spurði hvort þeir aldrei hefðu borðað svið.	12,4	10,6	8,5	7,9	.127	.001
f. T3061	Hann spurði hvort hún alltaf hefði sungið falskt.	22,5	19,6	14,9	15,3	.104	.005
g. L3.28	Þeir spurðu hvort hann aldrei færi í bað.	18,4	7,9	12,6	6,0	.156	.000
h. L3.12	Hann spurði hvort að hún hefði alltaf sungið falskt.	72,6	82,6	76,2	75,2	.004	.922
i. L3.16	Hann spurði hvort að hún aldrei hefði borðað kjöt.	16,4	10,1	7,7	4,8	.136	.000
j. L3.23	Það var í sturtunni sem að hún alltaf hafði sungið mest.	22,4	15,1	17,3	17,0	.044	.244

Tafla 15.23: Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, með og án innskots-að, flokkað eftir aldri.

Hér er fyrst vert að vekja athygli á því að öll dæmin nema það síðasta innihalda spurnarsetningu með *hvort*, en spurnarsetningar eru fylliliðir (e. *complements*) eins og skýringarsetningar. Með það í huga er athyglisvert að í þessum setningum fá þau dæmi sem innihalda S3-röð yfirleitt besta dóma hjá yngstu kynslóðinni (dæmi *b, d, e, f, g, i*) og fylgni dómanna við aldur er marktæk við $p \leq 0,01$ markið í fjórum þessara tilvika (*e, f, g, i*, reyndar líka nálægt því í *b*-dæminu) og þá skiptir ekki máli hvort þetta innskots-*að* er með í dæminu eða ekki. Þetta er svipuð niðurstaða og fram kom við athugun á S3-röð í skýringarsetningum (sjá t.d. *töflu 15.13* og umræður í kringum hana) og vísbendingin er þá sú að S3-röð sé í sókn í setningum sem eru fylliliðir. Aftur

þátttakendur nema *f*-dæmið. Hugmyndin var m.a. sú að viðeigandi tónfall gæti gert S3-dæmin eðlilegri en ella. Sú virðist þó ekki raunin í þessu tilviki.

á móti var eldri kynslóðin frekar hrifnari af S3-röð en þær yngri þegar í hlut áttu tilvísunarsetningar með *ekki* (sjá töflu 15.15 og umræður í kringum hana). Af þessu má kannski draga þá ályktun að yngri kynslóðirnar séu hér að vikka út hömlurnar á S3-röðinni en hjá þeim eldri sé hún frekar bundin við tiltekna setningagerð, eins og t.d. tilvísunarsetningar með frumlagi sem er fornafn (og þá kannski sérstaklega með neituninni *ekki*). En nærvera eða fjarvera innskots-*að* virðist engu máli skipta í þessu sambandi hjá neinum aldurshóp.

15.4.2.2 Menntun

Lítum þá næst á það hvort menntun hefur einhver áhrif á dóma þátttakenda úr elstu hópunum þrem (yngsta hópnum sleppt hér eins og í fyrri athugunum á áhrifum menntunar). Yfirlitið sést í töflu 15.24:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2110	Hún spurði hvort þeir hefðu alltaf verið flughræddir.	85,4	94,4	91,1	469	-.085	.064
b. T2120	Hún spurði hvort þeir alltaf hefðu verið hræddir við mýs.	8,4	12,0	6,6	471	.051	.265
c. T2090	Hann spurði hvort að þeir hefðu alltaf sungið falskt.	69,2	76,8	74,7	471	-.039	.399
d. T2100	Hann spurði hvort að þeir alltaf hefðu búið í kjördæminu.	16,9	16,4	15,6	470	.092	.047
e. L3.3	Hann spurði hvort þeir aldrei hefðu borðað svið.	7,7	8,8	5,2	396	-.005	.928
f. T3061	Hann spurði hvort hún alltaf hefði sungið falskt.	14,3	16,8	15,4	397	-.001	.910
g. L3.28	Þeir spurðu hvort hann aldrei færi í bað.	7,6	8,4	5,1	398	.082	.102
h. L3.12	Hann spurði hvort að hún hefði alltaf sungið falskt.	80,0	78,2	76,6	398	.030	.549
i. L3.16	Hann spurði hvort að hún aldrei hefði borðað kjöt.	7,6	8,8	3,9	398	.015	.759
j. L3.23	Það var í sturtunni sem að hún alltaf hafði sungið mest.	15,2	18,5	13,0	398	.014	.781

Tafla 15.24: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, með og án innskots-að, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér sést engin markverð fylgni milli menntunar og dóma. Að vísu er miðhópurinn (þeir sem hafa framhaldsskólamenntun) oftast aðeins jákvæðari en hinir en fylgni við menntun er hvergi neitt nálægt því að vera marktæk.

15.4.2.3 Kyn

Tafla 15.25 sýnir sams konar flokkun eftir kyni þátttakenda:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2110	Hún spurði hvort þeir hefðu alltaf verið flughræddir.	85,4	91,9	749	-.104	.004
b. T2120	Hún spurði hvort þeir alltaf hefðu verið hræddir við mýs.	14,5	10,1	750	.088	.016
c. T2090	Hann spurði hvort að þeir hefðu alltaf sungið falskt.	73,8	74,9	752	-.021	.560
d. T2100	Hann spurði hvort að þeir alltaf hefðu búíð í kjördæminu.	18,6	16,9	749	.023	.534
e. L3.3	Hann spurði hvort þeir aldrei hefðu borðað svið.	14,5	5,8	709	.113	.003
f. T3061	Hann spurði hvort hún alltaf hefði sungið falskt.	18,9	17,8	710	.019	.613
g. L3.28	Þeir spurðu hvort hann aldrei færi í bað.	14,1	9,1	712	.054	.149
h. L3.12	Hann spurði hvort að hún hefði alltaf sungið falskt.	75,6	77,6	712	-.012	.749
i. L3.16	Hann spurði hvort að hún aldrei hefði borðað kjöt.	14,1	6,3	712	.097	.009
j. L3.23	Það var í sturtunni sem að hún alltaf hafði sungið mest.	19,3	17,0	713	.064	.090

Tafla 15.25: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, með og án innskots-að, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Þótt munurinn á svörum kynjanna sé yfirleitt ekki mikill er hann samt alltaf á sama veg: Konurnar eru jákvæðari gagnvart sjálfgefnu S2-röðinni (dæmi *a, c, h*) en karlarnir sætta sig betur en konurnar við S3-röðina (dæmi *b, d, e, f, g, i, j*). Í þrem tilvikum er þessi munur kynjanna tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið (dæmi *a, e, i*). Það er ekki ljóst hvernig á þessu stendur, en hér má þó minna á að S3-röðin virðist vera heldur í sókn, eins og fram kom í kafla 15.4.2.1 (þeir yngri kunna yfirleitt betur að meta hana í þeirri setningagerð sem hér er á dagskrá), þannig að hér er þá dæmi um að konur leiði ekki nýja breytingu.

15.4.3 Tengsl við búsetu

Skoðum loks hvort einhver sjáanlegur munur er á mati þátttakenda eftir því í hvaða landshluta þeir búa. Yfirlit yfir það má finna í *töflu 15.26*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2110	Hún spurði hvort þeir hefðu alltaf verið flughræddir.	92,5	87,7	89,7	91,0	86,4	87,7	84,2	90,3
b. T2120	Hún spurði hvort þeir alltaf hefðu verið hræddir við mýs.	6,2	10,8	13,5	11,5	15,2	9,9	21,1	9,8
c. T2090	Hann spurði hvort að þeir hefðu alltaf sungið falskt.	77,8	63,0	81,9	74,4	73,1	65,9	76,8	75,3
d. T2100	Hann spurði hvort að þeir alltaf hefðu búið í kjördæminu.	16,2	26,0	16,8	15,4	18,0	13,4	21,4	17,4
e. L3.3	Hann spurði hvort þeir aldrei hefðu borðað svið.	7,1	11,5	13,6	11,4	5,1	9,3	14,3	9,8
f. T3061	Hann spurði hvort hún alltaf hefði sungið falskt.	26,3	15,4	15,3	17,3	17,0	16,7	18,2	19,4
g. L3.28	Þeir spurðu hvort hann aldrei færi í bað.	9,1	30,8	15,2	9,0	9,6	14,8	10,3	8,1
h. L3.12	Hann spurði hvort að hún hefði alltaf sungið falskt.	74,5	53,8	80,0	80,6	77,8	77,8	73,1	74,2
i. L3.16	Hann spurði hvort að hún aldrei hefði borðað kjöt.	11,1	26,9	10,6	8,2	8,8	5,6	11,5	9,7
j. L3.23	Það var í sturtunni sem að hún alltaf hafði sungið mest.	17,2	26,9	20,8	20,9	13,2	14,8	16,9	19,4

Tafla 15.26: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð, með og án innskots-að, flokkað eftir landshlutum.*

Hér eru þátttakendur í öllum landshlutum sammála um það að S2-dæmin (*a*, *c*, *h*) séu mun betri en S3-dæmin. Hins vegar eru nokkuð óvæntar sveiflur í dómum þeirra um S3-dæmin. Að vísu er það nokkuð oft á Reykjanesi sem S3-dæmin fá bestu dómana (dæmi *d*, *g*, *i*, *j*), en stundum er það á Vestfjörðum (dæmi *b* og *e*). Mest kemur þó á óvart að *f*-dæmið fær tiltölulega góða dóma í Reykjavík þótt annars fái flest S3-dæmin frekar neikvæða dóma þar. Það er t.d. frekar ólíklegt að ástæðan sé sú að sumir reykvísku þátttakendurnir hafi ekki tekið eftir S3-orðaröðinni í þessu dæmi (þetta er eina dæmið úr Könnun 3 í þessari töflu sem var ekki spilað af disk) því þátttakendur í Reykjavík og annars staðar gerðu mjög skýran greinarmun á dæmum *a* og *b* úr Könnun 2 (það fyrra er S2-dæmi, það síðara S3) og engin dæmi voru spiluð af disk í þeirri könnun. — En þrátt fyrir þessar sveiflur í mati þátttakenda í einstökum landshlutum er heildarmunur landshlutanna hvergi tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið í þessum dæmum, samkvæmt kí-kvaðratprófinu (kemst næst því í *b*-dæminu, þar sem

kí-kvaðratgildið er rétt tæplega 28 og $p = 0,014$; vendigildið er 29,14 miðað við $p = 0,01$ og 14 frelsisgráður).

15.4.4 Samantekt

Í þessum undirkafla var skoðað hvort einhver tengsl væru á milli innskots-*að* og þess hversu eðlileg S3-röð væri í aukasetningum. Niðurstöður voru nokkuð ótvíræðar:

- Hugmynd Wiklund og féлага (2007) um áhrif innskots-*að* á mat á S3-setningum fær engan stuðning af þessari könnun (sbr. *töflu 15.22*).⁴
- Hins vegar eru þeir yngri heldur líklegri en þeir eldri til að telja S3-röð tæka í fallsetningum (*hvort*-setningum) en nærvera eða fjarvera innskots-*að* hefur engin áhrif á það (*tafla 15.23*). Þetta er svipuð niðurstaða og fékkst um S3-röðina í skýringarsetningum (*tafla 15.13*), þ.e. þar voru þeir yngri heldur jákvæðari en aðrir (innskots-*að* var ekki á dagskrá þar).
- Menntun þátttakenda virðist ekki hafa nein áhrif á mat þeirra á þeim setningagerðum sem hér voru til skoðunar (*tafla 15.24*).
- Aftur á móti voru karlar heldur líklegri en konur til að samþykkja S3-röðina og sá munur var stundum tölfræðilega marktækur (*tafla 15.25*).
- Ekki komu fram skýr tengsl á milli búsetu þátttakenda og dóma um þessar setningagerðir (*tafla 15.26*).

15.5 S2, S3 og þolfall með nafnhætti

15.5.1 Almenn yfirlit

Síðustu dæmin sem fjallað er um í þessum kafla varða röð sagnar og atviksorðs í setningagerðinni „þolfall með nafnhætti“ (ýmist kennd við *exceptional case marking* (ECM) eða *subject-to-object raising* á ensku). Yfirlit yfir mat þátttakenda á þessum dæmum er gefið í *töflu 15.27* (sjá dæmin í (15.14) og umræðu í kringum þau):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3008	Hann taldi hana hafa stundum sungið í sturtunni.	38,5	30,9	30,6	100	709
b. T3109	Hann hefur stundum talið þá lesa aldrei námsbækurnar.	10,9	15,4	73,7	100	707
c. T3114	Hann hefur stundum talið þá ekki spá nógu vel.	40,8	25,5	33,7	100	707

Tafla 15.27: *Mat á dæmum með S2- og S3-röð í þolfalli með nafnhætti.*

Fyrsta dæmið er einfaldast að því leyti að þar er aðeins eitt atviksorð (*stundum*). Það fer á eftir nafnháttarsögninni (hjálparsögninni *hafa*) og því má kalla þetta S2-dæmi (sögn á undan atviksorði). Eins og sjá má eru skoðanir nokkuð skiptar um gæði þessa dæmis þótt fleiri telji það eðlilegt mál (38,5%) en vafasamt eða ótækt. Hin dæmin eru erfiðari viðfangs að því leyti að þar eru tvö atviksorð í hvoru dæmi (*stundum – aldrei*, *stundum – ekki*). Auk þess er hjálparsögn (*hefur*) í móðursetningunni. Markmiðið með þessu er að tryggja að hið merkingarlega frumlag nafnháttarins (þolfallsliðurinn) sé „inni“ nafnháttarsambandinu en hafi ekki verið færður út úr því (sjá t.d. Höskuld

⁴ Auðvitað getur vel verið að þeir málnotendur sem Wiklund og félagar byggðu tilgátu sína á (væntanlega einkum meðhöfundarnir Gunnar Hrafn og Þorbjörg) hafi haft annars konar tilfinningu fyrir þessum setningagerðum en þátttakendur í Tilbrigðaverkefnum.

Þráinsson 2005:427–428, 565–566). Greinilegt er að í þessum síðari dæmum tveim þykir þátttakendum betra að hafa nafnháttarsögnina á eftir atviksorðinu (sbr. *ekki spá* í *c*-dæminu) en að hafa hana á undan (sbr. *lesa aldrei* í *b*-dæminu) þótt skoðanir séu nokkuð skiptar um þessi dæmi. Þegar þannig er má búast við einhverjum mun milli einstakra hópa þátttakenda svo við skulum nú leita hans.

15.5.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

15.5.2.1 Aldur

Tafla 15.28 sýnir mat þátttakenda í einstökum aldurshópum:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3008	Hann taldi hana hafa stundum sungið í sturtunni.	38,8	39,0	36,7	39,4	.006	.877
b. T3109	Hann hefur stundum talið þá lesa aldrei námsbækurnar.	21,5	11,3	6,0	2,5	.265	.000
c. T3114	Hann hefur stundum talið þá ekki spá nógu vel.	42,7	39,8	36,9	43,9	.037	.320

Tafla 15.28: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð í þolfalli með nafnhætti.*

Hér er skýr fylgni við aldur í *b*-dæminu og mjög vel marktæk, en í öðrum dæmum er enga slíka fylgni að sjá, hvernig sem á því stendur.

15.5.2.2 Menntun

Mat þátttakenda er flokkað eftir menntun þeirra í *töflu 15.29* á sama hátt og áður:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T3008	Hann taldi hana hafa stundum sungið í sturtunni.	34,6	39,7	29,5	396	-.036	.470
b. T3109	Hann hefur stundum talið þá lesa aldrei námsbækurnar.	3,8	8,9	5,2	396	-.083	.101
c. T3114	Hann hefur stundum talið þá ekki spá nógu vel.	33,3	40,4	33,8	395	-.025	.619

Tafla 15.29: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð í þolfalli með nafnhætti, flokkað eftir menntun þátttakenda. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er það alls staðar miðhópurinn sem hefur jákvæðasta afstöðu til þessara setninga, en hvergi er um marktæka fylgni við menntun að ræða.

15.5.2.3 Kyn

Í *töflu 15.30* er mat þátttakenda, flokkað eftir kyni þeirra.

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T3008	Hann taldi hana hafa stundum sungið í sturtunni.	40,1	37,1	709	.041	.276
b. T3109	Hann hefur stundum talið þá lesa aldrei námsbækurnar.	11,9	10,0	707	.019	.610
c. T3114	Hann hefur stundum talið þá ekki spá nógu vel.	45,4	36,7	709	.110	.004

Tafla 15.30: *Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð í þolfalli með nafnhætti, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér eru karlarnir jákvæðari en konurnar í öllum tilvikum, en sá munur er þó aðeins tölfraðilega marktækur í *c*-dæminu (S3-röð).

15.5.3 Tengsl við búsetu

Skoðum loks hvort finna má einhvern mun á dómum þátttakenda eftir því í hvaða landshluta þeir búa. Yfirlit yfir matið er sýnt í *töflu 15.31*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3008	Hann taldi hana hafa stundum sungið í sturtunni.	40,6	48,0	40,8	35,1	32,6	38,9	42,3	41,9
b. T3109	Hann hefur stundum talið þá lesa aldrei námsbækurnar.	14,1	11,5	8,0	12,0	10,5	7,7	12,8	9,8
c. T3114	Hann hefur stundum talið þá ekki spá nógu vel.	40,8	42,3	44,8	35,3	40,2	39,6	50,0	35,5

Tafla 15.31: Jákvætt mat á dæmum með S2- og S3-röð í þolfalli með nafnhætti, flokkað eftir landshlutum.

Hér er, eins og oftast áður, nokkur munur eftir landshlutum, en hann virðist óreglulegur og hvergi marktækur í heild fyrir neitt af dæmunum samkvæmt kí-kvaðratprófinu.

15.5.4 Samantekt

Í þessum undirkafla var lítið á innbyrðis afstöðu sagnar og atviksorða í nafnháttarsamböndum. Aðalniðurstaðan var þessi:

- Almennu voru þátttakendur frekar lítið hrifnir af þeim setningum sem hér voru notaðar til að prófa innbyrðis afstöðu nafnháttarsagna og atviksorða í formgerðinni þolfall með nafnhætti. Þetta átti þó einkum við þau dæmi þar sem þess var freistað að hafa tvö atviksorð í sömu málsgreininni til þess að ljóst væri að það síðara ætti við nafnháttarsambandið. Það dæmi þar sem nafnháttarsögnin fór á undan atviksorðinu fékk þá verri dóma (sjá *töflu 15.27*).
- Sú setning fékk þó marktækt besta dóma hjá yngsta aldurshópnum og því verri sem þátttakendur voru eldri (*tafla 15.28*).
- Ekki kom fram skýr fylgni milli dóma þátttakenda og menntunar þeirra, kyns eða búsetu (*töflur 15.29–15.31*).

15.6 Lokaorð

Í lokin er rétt að draga saman athyglisverðustu niðurstöðurnar sem hafa komið fram í þessum kafla:

- Mjög margir þátttakendur telja innskots-*að* eðlilegt á eftir tengingum á borð við *sem*, *ef* og *þegar*, einkum þeirri síðustu.
- S2-röðin (sögn í öðru sæti) er hin sjálfgefna röð í öllum gerðum aukasetninga.
- S3-röð þykir yfirleitt slæm í skýringasetningum, óháð því hver móðursögnin er en gengur betur í sumum öðrum gerðum aukasetninga. Þar fá þó tilvísunarsetningar með fornafnsfrumlagi yfirleitt besta dóma.
- Mörgum málnotendum þykir S3-röð óeðlileg í aukasetningum og sumir telja hana helst koma fyrir í máli eldra fólks eða þá barna.
- Innskots-*að* hefur engin áhrif á stöðu sagnar (þ.e. S2 vs. S3).

- Í setningagerðinni þolfall með nafnhætti er nokkuð misjafnt hvort menn setta sig við S2-röðina (nafnháttarsögnin á undan setningaratviksorði) eða ekki og í sumum tilvikum gengur S3 betur.
- Tengsl við **aldur** koma helst fram í mati á setningum með S3-röð. Yngsti hópurinn er líklegastur til að setta sig við S3-röð í fallsetningum en í öðrum gerðum aukasetninga er það stundum sá elsti.

Í heild má segja að niðurstöður þessa kafla séu í góðu samræmi við það sem fræðimenn höfðu áður haldið fram um þessi atriði (sjá t.d. þau rit sem vísað er til í ritaskránni hér á eftir). Helstu tíðindin eru kannski þau að yngri kynslóðirnar virðast stundum setta sig betur við S3-röð í aukasetningum en þær eldri þótt verulegar hömlur séu á þeirri röð en engar á S2-röðinni, ólíkt því sem er í öðrum norrænum málum. Þá er mikilvægt að halda því til haga að engin tengsl fundust milli innskots-*að* og orðaraðar í aukasetningum, þvert á staðhæfingar Wiklund og félaga (2007).

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Ásgrímur Angantýsson. 2001. Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 23:95–122.
- Ásgrímur Angantýsson. 2007. Verb-Third in Embedded Clauses in Icelandic. *Studia Linguistica* 61:237–260.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásgrímur Angantýsson. 2013. Um orðaröð í færeyskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 35:23–55.
- Bentzen, Kristine. 2007. *Order and Structure in Embedded Clauses in Northern Norwegian*. Doktorsritgerð, Tromsøháskóla, Tromsø.
- Bentzen, Kristine, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, Þorbjörg Hróarsdóttir og Anna-Lena Wiklund. The Tromsø Guide to the Force behind V2. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 79:92–113.
- Bobaljik, Jonathan D. 2002. Realizing Germanic Inflection: Why Morphology Does Not Drive Syntax. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 6:129–167.
- Bobaljik, Jonathan D., og Höskuldur Þráinsson. 1998. Two Heads Aren't Always Better than One. *Syntax* 1:37–71.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1986. Verb Post-Second in a V2 Language. Östen Dahl og Anders Holmberg (ritstj.): *Scandinavian Syntax*, bls. 138–149. Institute of Linguistics, Stockholms universitet, Stokkhólm.
- Heycock, Caroline, Antonella Sorace og Zakaris Svabo Hansen. 2010. V-to-I and V2 in Subordinate Clauses: An Investigation of Faroese in Relation to Icelandic and Danish. *Journal of Comparative Germanic Syntax* 13:61–97.
- Höskuldur Þráinsson. 1986a. V1, V2, V3 in Icelandic. Hubert Haider and Martin Prinzhorn (ritstj.): *Verb-Second Phenomena in Germanic Languages*, bls. 169–194. Foris, Dordrecht.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.

- Höskuldur Þráinsson. 2010 Predictable and Unpredictable Sources of Variable Verb and Adverb Placement in Scandinavian. *Lingua* 120:1062–1088.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Anna Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8*. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Julien, Marit. 2007. Embedded V2 in Norwegian and Swedish. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 80:103–161.
- Koeneman, Olav, og Hedde Zeijlstra. 2014. The Rich Agreement Hypothesis Rehabilitated. *Linguistic Inquiry* 45(4):571–615.
- Rohrbacher, Bernhard. 1999. *Morphology-Driven Syntax*. A Theory of V to I Raising and Pro-Drop. John Benjamins, Amsterdam.
- Vikner, Sten. 1995. *Verb Movement and Expletive Subjects in the Germanic Languages*. Oxford University Press, Oxford.
- Vikner, Sten. 1997. V^I Movement and Inflection for Person in All Tenses. Liliane Haegeman (ritstj.) : *The New Comparative Syntax*, bls. 189–213. Longman, London.
- Wiklund, Anna-Lena, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, Kristine Bentzen og Þorbjörg Hróarsdóttir. 2007. Rethinking Scandinavian Verb Movement. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 10:203–233.

SUMMARY

This chapter gives an overview of the variation found in the respective placement of sentential adverbs (including the negation *ekki*) and the finite (or first) verb in embedded clauses and related issues, such as *að*-deletion in complement clauses, *að*-insertion and adverbial, relative and *wh*-clauses. Part of the reason why these issues were studied so extensively is recent controversy in the literature about the similarities and differences in this respect between Insular Scandinavian (Icelandic and Faroese) on the one hand and Mainland Scandinavian on the other (cf. e.g. Vikner 1995, 1997, Bobaljik and Höskuldur Þráinsson 1998, Rohrbacher 1999, Bobaljik 2002, Bentzen 2007, Bentzen et al. 2007, Wiklund et al. 2007, Höskuldur Þráinsson 2010, 2015, Heycock et al. 2010, Ásgrímur Angantýsson 2013, Höskuldur Þráinsson et al. 2013, Koeneman and Zeijlstra 2014 with references). The main points of the overview can be summarized as follows:

- *Presence or absence of að*:
 - *að*-deletion depends on various factors, e.g. intonation and stress (*table 15.1*).
 - *að*-insertion after relative conjunctions like *sem*, adverbial *ef* ‘if’ and temporal *þegar* ‘when’ is commonly accepted (*table 15.2*).
- *V2 vs. V3*:
 - V2 is the default order in all types of embedded clauses (*tables 15.11* and *15.12*).
 - V3 is typically rejected in *að*-clauses (‘that’-clauses), regardless of the type of matrix verb involved (*table 15.11*). It is more likely to be accepted in other types of embedded clauses, especially in relative clauses with a pronominal subject (*table 15.12*).
 - In interviews the subjects typically found the V3-order odd or unnatural. Some commented that it was more likely to be found in the language of old people, others that children might use it (cf. the comments in (15.15)–(15.21)).

- Younger speakers were somewhat more likely to accept V3 in complement clauses than older speakers whereas older speakers were more likely to find V3 in other types of clauses acceptable (e.g. relative clauses, cf. *tables 15.13–15.14* and *15.23*).
- In general, there were no clear correlations between judgments and the speakers' education, gender nor geographical area. Male subjects were, however, somewhat more likely to accept the V3-order than female subjects (*tables 15.18, 15.19, 15.25* and *15.30*).
- Presence or absence of inserted *að* was shown to have no influence on the judgments of V3-order, contrary to claims by Wiklund et al. (2007).
- In ECM-constructions there was some variation as to whether speakers found V2 or V3 better, although there is some evidence that V3 is preferred by the majority of speakers. But it is difficult to construct minimal pairs to test this (*table 15.27*).